

KJARASAMNINGUR

milli

Einingar Iðju og Kjalar – stéttarfélags í almannajónustu

og

Samtaka atvinnulífsins vegna Norðurorku hf.

1. gr.

Kjarasamningur aðila framlengist til 31. janúar 2024 með þeim breytingum sem hér greinir.

2. gr.

Almenn launahækkun

Þann 1. nóvember 2022 taka mánaðarlaun og launataxtar almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 5,0% frá 1. nóvember 2022, nema um annað hafi verið samið.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót miðað við fullt starf verður kr. 140.700 á árinu 2023.

Orlofsuppbót á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 verður m.v. fullt starf kr. 56.000.

Hagvaxtarauki 2023

Með hækkun 1. nóvember 2022 hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019 – 2022.

3. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 12:00 miðvikudaginn 10. maí 2023.

Akureyri, 2. maí 2023

F.h. Einingar Iðju

F.h. Samtaka atvinnulífsins
vegna Norðurorku hf.

F.h. Kjalar – stéttarfélags í almannajónustu